

## Rauðguli geislinn og þróun hans

Ég hef áður farið nokkrum orðum um leið stjórnendanna og rauða geislann og gula geislann eða leið fræðaranna.

Það virðist því rétt að gera tilraun til þess að halda lengra áleiðis og tala eitthvað líkt um hina geislana og liggur þá næst að fara nokkrum orðum um rauðgula geislann.

### Mahachohan og starfssvið hans

Í hinum tveim áður umgetnu greinum er talað um starfsemi föðurins og sonarins. En nú kemur þriðja persóna guðsfyllingarinnar til, greina, en það er hinn heilagi andi. Er Mahachohan eða lávarður menningarinnar, eins og hann er stundum nefndur, fulltrúi þessarar starfssemi í tilverunni.

Eins og áður er að vikið, eru hinar fyrrnefndu starfsgreinar eða geislar og þróun þeirra undir yfirumsjón Manus og Mannkynsfræðarans, en Mahachohan ræður yfir, stjórnar eða er farvegur fyrir þá fimm geisla, sem enn eru ótaldir og er hann þess vegna stundum nefndur fimm fingur eða hönd guðs.

Af því leiðir, að hann hefur fimm aðstoðarmenn, sem vinna hver um sig á þessum fimm geislum. eru þeir Feneyingurinn á rauðgula geislanum, þeim, sem hér er sérstaklega til athugunar, Meistarinn Serapis á græna geislanum, Meistarinn Hilarion á indigóbláa geislanum, Meistarinn Jesús á bláa geislanum og Meistarinn Racogsy á fjólubláa geislanum.

En það er hinn fyrst nefndi, Feneyingurinn, sem hér kemur við sögu, vegna þess að hann er stjórnandi á þeim geisla, sem nú er til athugunar.

Áður en lengra er haldið, er nauðsynlegt að minnst stuttlega á samband Mahachohans við hina tvo völdugu þríhyrninga, sem móta í sameiningu hina miklu og óskeikulu yfirstjórn veraldar.

Hinn hærri þríhyrningur mynda konungurinn í hinum andlega heimi, Buddha og Mahachohan. Lægri þríhyrninginn móta Manu, Bodhisattva og Mahachohan. Mahachohan bindur því saman þessa tvo þríhyrninga, sem eru hin æðri stjórn veraldar.

Það hefur verið gefið í skyn, að ekki sé ýkja langt síðan að þessi völduga vera var starfandi meðal manna og kunnur þá, en nú er ekki sagt hver hann sé.

Það er einnig haft á orði, að hann hafi lokið þessari þróun sinni á tiltölulega og ótrúlega stuttum tíma.

Þess er einnig getið, að hann svari sérhverri hugsun, sem honum er send, með blessandi áhrifum, og er sama hvaðan úr heimi slík hugsun berst honum, og kemur svarið á sama augabragði.

### Feneyingurinn

Aðstoðarmaður þessarar völdugu veru á rauðgula geislanum er sagt að sé, eins og áður er getið, Meistari sá, sem er talað um undir nafninu Feneyingurinn.

Það er sagt, að hann hafi dvalið hér á jarðríki, alla tíð síðan á 14. öld. Hann kvað hafa írskan líkama.

Sú grein þróunar, sem Feneyingurinn hefur tekist á hendur að stjórna, er hinn hærri hugsanahæfileiki, hin heimspekilega hlið eða þáttur hugsunarinnar. Af þessari ástæðu mun það ef til vill vera, að tiltölulega lítið er vitað um störf hans og áhrif, vegna þess að þau munu mestmegnis bundin við hina hærri veröld hugsunarinnar og svið hins innra manns.

Það ræður þó að líkum, að um leið og hann veitir orku sinni yfir og um þessi svið tilverunnar, sem eru takmörkin á milli hins lægra og æðra eða réttara sagt, fyrir ofan þessi takmörk, þá hafi hann áhrif á hinn innra mann og tendri með mönnum hið innra líf þeirra í því skyni að gera hugsunina þjála, léttu og víðtæka, og opna samband við hina lægri hugsun, þá hugsun, sem vinnur í formi. Hann reynir að víkka brúna, sem er tengiliðurinn á milli hinnar hærri og lægri hugsunar, sem nefnist Antakarana, svo að hin hærri og heimspekilega hugsun geti náð frekari tókum á persónuleika manna og opnað hann fyrir áhrifum innsæisins.

Á bak við þessi áhrif er sameiginleg vitund hins Hvíta Bræðralags, sem er sívakandi yfir allri þróun á öllum sviðum hennar.

### Starfsemi rauðgula geislans

Þegar neðar dregur, takmarkast starfssvið, og þá birtast áhrifin í formi, því að þau verða að streyma í gegnum hina lægri heima, til þess að lokum að ná að birtast í þessum hinum jarðneska heimi og koma þá í ljós í mörgum myndum.

Heimspekin telst til þessarar hliðar hinnar guðdómlegu starfsemi, einkum sú heimspeki, sem tekur heildaryfirlit yfir lífið og miðar allt við það. Þetta mætti nefna á erlendu máli „Synthetical philosophy“.

Svo virðist sem allir raunvísindamenn, þeir sem feta rannsóknarleiðir Vesturlanda, hafi ekki enn þá náð þessari hlið heimspekinnar nema að litlu leyti. Þeir teljast enn þá þeirri leið, sem nefna mætti sundurgreiningarleiðin eða „analytival philosophy“. Þeir, sem eru eingöngu bundnir við efnið og fyrirbrigði þess, feta ætíð þessa leið á meðan þeir hafa ekki komið auga á hið andlega og eilífa.

Hinni andlegu eða hærri heimspeki er nátengdur sá hæfileiki eða skynjun, sem nefnist innsæi. Innsæið er stundum nefnt Krists-vitundin eða Buddhisk vitund. Sá, sem hefur náð tangarhaldi á þessari vitund, er kominn í samband við svið hinnar algeru þekkingar, þar sem öll viska tilverunnar er varðveitt. Um hann er sagt, að hann viti. Hann talar eins og sá sem valdið hefur.

Það mætti því segja, að starfsemi rauðgula geislans eigi aðallega upptök sín á takmörkum hugheima og innsæisheima, og hún birtist í heildarskynjun, vegna þess að hún hefur náð í ofurlítinn neista af einingarvitund. Því að náíð samband er á milli hinnar hærri hugsunar, innsæisins og einingarvitundarinnar, sem er hinn andlegi heimur eða „Nirvana“.

Þessir þrír þættir eru allir í „egóninu“, hinum innra manni, sem á einmitt heima á hærri sviðum hugheima.

En með því að náíð samband er á milli hinnar lægri eða daglegu vitundar mannsins og hinnar æðri, þá hlýtur einhver hluti þessarar æðri heimspeki að birtast í hinum lægri heimum og starfa þar. Og þetta hlýtur að vera þeim mun meira áberandi sem hið hugræna líf mannsins nær meiri þroskun og þjálfun.

Almenningur, bæði lærðir menn og leikir, eru sér ekki vitandi um þessar staðreyndir, jafnvel ekki þó að þeir hafi meiri eða minni vitund á þessum sviðum, því að þeir hafa ekki fengið tækifæri til þess að átta sig á þeim. Sumir leyndu því vegna þess að þeir eru hálfsmeykir við það og halda að það sé eitthvað óeðlilegt og aðrir skilja þá ekki og henda jafnvel gaman að „draumórum“ þeirra, er þeir nefna svo.

Sumir hugsuðir eru að meira eða minna leyti undir þessum áhrifum. Er yfirsýn þeirra opnari og víðtækari en ella. Þeir eru meiri heimsborgarar í hugsun en almenningur og miða skoðanir sínar og afstöðu til manna og málefna við það. Hinir víðtækustu heimspekingar liggja mjög nálægt þessu sviði og áhrifum þess.

Meðal skálda og listamanna má og finna menn, sem teljast þessu sviði eða rauðgula geislanum, en þeir munu vera frekar hugrænir en á leið tilfinninga, því að þeir geta eigi náð þessu sambandi nema því aðeins að þeir hafi mjög fína og þjálfaða hugsun, sem er farvegur fyrir hærri orku, átt upptök sín á hinum andlega heimi, eins og áður er minnst á. En hlutfallslega munu þessir listamenn að mun færri en hinir.

Það mun ef til vill af þessum ástæðum meðfram, að sagt er að Meistarinn Feneyingurinn hafi áhrif á ýmsar greinar lista, einkum málalalist. Ein hlið vinnubragða hans sé að gefa málurum hugmyndir og vekja skynjun þeirra á fegurð náttúrunnar, eins og hún birtist í litum og lögun.

Í sumum greinum yoga-fræða, einkum þegar nokkuð er komið áleiðis á braut þroskans, mun þessi hlið þróunar koma í ljós, t. d. í Jnana Yoga. Leið sú, er kennd er við Pyþagoras, mun og einnig koma hér til greina. Skóli hans lagði mikla áherslu á hina heimspekilegu hlið hinna guðdómlegu fræða.

Heildarhugsun sú eða yfirlits, sem ég hef minnst á hér að framan, bendir manningum óhjákvæmilega í þá átt að hugsa sem frjáls borgari þjóðfélagsins og um leið sem hreinræktaður heimsborgari. Þetta er bein afleiðing af hugsanagangi þeim, sem liggur í hinni hærri vitund, og sem lýst er hér að framan.

Sá, sem fetar þessa leið, verður óhjákvæmilega að hugsa og starfa sem víðtækur og víðsýnn þjóðfélagsþegn. Annað samrýmist ekki hinni víðtæku yfirlitsgáfu hinnar hærri hugsunar.

Hann reynir að gera sér grein fyrir þeim atriðum í hinum ýmsu stjórnmalastefnum, sem eru í samræmi við þessi sjónarmið, því að hann veit að sérhver stjórnmalastefna hefur í sér aðeins eina hlið eða brot af hinum mikla allsherjar sannleika, sem er í raun rétttri á bak við allar stjórnmalastefnur.

Hann getur þess vegna eigi aðhyllst neina slíka stefnu til fulls, því að hún er of takmörkuð fyrir hann. Og þar að auki vofir sú hætta ætíð yfir höfði stjórnmalamannanna, að þeir víki í

---

einu og öðru út af braut stefnufestunnar og séu því komnir í andstöðu við sjálfa sig áður en þá grunar, og því búnir að veikja aðstöðu sína að miklum mun.

Hann veit og að grundvöllur sá, er byggja skal á fullkomið þjóðfélag, er góðir og þjóðhollir þjóðfélagsþegnar. Hann kappkostar því að lifa og starfa í fullu samræmi við þær kröfur, sem gera ber til sérhvers góðs þegns. Hann tekur því aldrei þátt í neinu því, sem raskar þessum grundvelli, sem byggist á fullu hugsana- og athafnafrelsi, til þess að taka óháða afstöðu til viðfangsefnanna. En hann er ævinlega bundinn kröfunni um það, að „það, sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera.“

Að vinna og starfa sem góður og gegn þegn þjóðfélagsins er fullkomið og óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því að geta unnið og starfað sem góður heimsborgari. Hann lætur því eigi staðar numið við hag og heiður þjóðar sinnar. Hann hugsar einnig um hag mannkyns, því að hann skilur áhrif þess lögmáls, að þegar hús nágarnnans brennur, þá er hús hans í hættu.

Breytt aðstaða mannkyns hefur ótrúlega mikil áhrif á heimsborgaralega hugsun manna. Tækni tuttugustu aldarinnar kennir mönnum miklu meira í þessu efni en áður átti sér stað. Áhrif tækninnar eru þau, að fjarlægðirnar minnka. Útvarpið flytur mönnum fregnir af atburðum, sem gerast á öðrum hjara veraldar að nokkrum mínútum liðnum, og allur heimurinn hefur fengið vitneskju um þá. Þetta knýr menn til þess að móta í hugsun sinni ákveðnar myndir af því, sem verið var að segja frá og gera sér ljóst, hvernig atburðirnir hafa í raun og veru gerst, hvernig þeir hafi litið út fyrir sjónum þess, sem horfði á þá eða var sjónarvottur þeirra.

Þetta leiðir menn smám saman að því marki, að þeir megna að hugsa óhlutlægt, sem er takmark hinnar hærri heimspeki og er sérkenni rauðgula geislans.

Það mætti með nokkrum rétti segja, að yfirlitsgáfan teldist frekar rauða geislanum en hinum rauðgula, og einnig að tækni tuttugustu aldarinnar teldist fremur fjólubláa geislanum en þeim rauðgula. En það má einnig minna á í þessu sambandi, að það er eigi unnt að feta eingöngu þróunarleið eins geisla út af fyrir sig. Þeir grípa óhjákvæmilega hver inn í annan og eiginleikar eins geisla verða eigi fullþroskaðir án aðstoðar frá öðrum geislum, því að hver geisli hefur í sér ákveðið magn allra hinna geislanna, jafnvel þó að litur hans sé yfirgnæfandi. Á sama hátt eru allir eiginleikar hinna geislanna tili rauðgula geislanum, þó að höfuðeinkenni hans séu ríkust og mest áberandi.

**Jón Árnason, prentari.**

**Litir „geislanna“ eða þroskaleiðanna sjö**

Nokkuð eru kenningar dulfræðinganna á reiki um liti geislanna. Flestum ber saman um að litur 1. geislans sé rauður, en sumir telja 2. geislann rauðgulan og 3. geislann gulan, og þannig er röð litanna í litrófinu („spectrum“). Um þetta skal ekkert fullyrt hér, enda skiptir það ekki miklu máli. Dulfræðingar tala einnig um ytri („exocriska“) liti geislanna og innri („esoteriska“), og getur það einnig ruglað þessa reikninga, ef ekki er að gætt. - Einhver besta bók, sem vér vitum til, að enn hafi verið rituð um þroskaleiðirnar sjö, er eftir prófessor Ernest Wood, og heitir „The Seven Rays“ (Geislarnir sjö). Viljum vér ráða öllum, sem ensku kunna, og afla vilja sér þekkingar á þessu merkilega viðfangsefni, til þess að lesa þá bók, þó að nokkuð þungt sé á köflum.